# Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

## Tengsl umhverfis- og öryggisþátta í starfsemi Vegagerðarinnar við lög, reglugerðir og aðrar kröfur

| Umhverfisþættir | | Öryggisþættir |
|---|---|---|
| U1 Röskun lands | U9 Gamlar efnisnámur | Ö1-Efnanotkun |
| U2 Umferðarhávaði | U10 Steinefni | Ö2-Vélar og tæki |
| U3 Eldsneyti og olíur | U11 Loftmengun vegna umferðar á vegum | Ö3-Hreyfi- og stoðkerfi |
| U4 Asfalt | U12 Hálkuvarnir og rykbinding | Ö4-Aðbúnaður og vinnuumhverfi |
| U5 Eiturefni og hættuleg efni | U13 Landgræðsla | Ö5-Félagslegir- og andlegir þættir |
| U6 Spilliefni | U14 Sprengingar | |
| U7 Fastur úrgangur | U15 Frásog frá vélaverkstæðum | |
| U8 Fráveitur og skólp | U16 Aflagðar brýr | |

### Lög (A deild Stjórnartíðinda)

| Lög nr. | Heiti | Breytingar | Greinar | Umhverfisþáttur | Öryggisþáttur | Tengsl við umhverfisþætti/starfsþætti/áhættuþætti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 61/2013 | Efnalög | | 1,2,15,16,18,19, 30, 31, 32, | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Hálkuvarnir og rykbinding | Efnanotkun | Markmið laganna er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi og hins vegar að efna skuldbindingar Íslands um að tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar efni og efnablöndur og hins vegar að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu.<br>Birgjar skulu veita viðtakanda án endurgjalds lágmarksupplýsingar um efnið. Sé þess kostur skal fyrirtækið skipta út efnum og efnablöndum sem eru tiltekin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaða umhverfið.<br>Hættuleg efni og varnarefni skal varðveita í upprunalegum umbúðum og geyma þau á tryggan hátt þannig að óviðkomandi nái ekki til.<br>Eiturefni og tiltekin varnarefni skulu geymd í læstum hirslum eða rými.<br>Hættulegum efnum skal farga sem spilliefnum.<br>Birgjar skulu láta öryggisblað fylgja á íslensku við afhendingu efnis til notkunar í atvinnuskyni. Efni og efnablöndur skulu vera merktar á íslensku í samræmi við hættuflokkun þeirra. |
| 60/2013 | Um náttúruvernd | | 1, 2, 3, 4, 6-12, 21, 31, | Röskun lands | | Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.<br>Lögin gilda á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu og landgrunn<br>Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætta á náttúruspjöllum. Heimilt er að leggja vélknúnum ökutækjum þétt við veg ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slysahættu, þó þannig að samræmist ákvæðum umferðarlaga og fyrirmælum yfirvalda um umferðaröryggi.<br>Þegar tekin er ákvörðun, t.d. um skipulag, framkvæmd eða starfsleyfi, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. |
| 80/2012 | Lög um menningarminjar | | 1,2,3,4,5,21,23 | Röskun lands | | Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.<br>Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. Fornleifum má ekki spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna framkvæmda skal Vegagerðin gera Minjastofnunar Íslands viðvart með hæfilegum fyrirvara.<br>Finnist fornleifar við framkvæmdir skal tilkynna það Minjastofnun Íslands. |
| 55/2012 | Um umhverfisábyrgð | 60/2013 | 1,2,3,4,6,9,14,15 | Röskun lands,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni<br>Hálkuvarnir og rykbinding | | Markmið laga þessara er að tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni ef það hefur orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir í samræmi við greiðslureglu umhverfisréttarins.<br>Valdi Vegagerðin tjóni á vernduðum tegundum, náttúruverndarsvæðum eða vatni skal hún bera kostnað við rannsóknir, varnarráðstafanir og úrbætur sem framkvæma ber samkvæmt lögum þessum.<br>Afleiðingar af nýrri starfsemi eða breytingar á vatnshlotum teljast ekki umhverfistjón þegar tilgangur framkvæmda eða umsvifa vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna, eða fyrir sjálfbæra þróun, en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist, og tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.<br>Lög þessi gilda ekki um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni ef tjónið eða hættan á tjóni er af völdum starfsemi þar sem eina markmiðið er vernd fyrir yfirvofandi eða yfirstandandi náttúruhamförum o.fl.<br>Ef umhverfistjón verður af völdum Vegagerðarinnar skal hún þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni. |
| 36/2011 | um stjórn vatnamála | 126/2011, 157/2012, 59/2013 | 1,2,4,14, 17, 19 | Röskun lands,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni<br>Fráveitur og skólp<br>Hálkuvarnir og rykbinding<br>Landgræðsla | | Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.<br>Vegagerðin skal haga framkvæmdum á grunnvatnssvæðum þannig að tryggt sé að ástand þeirra versni ekki.<br>Draga skal í áföngum úr mengun vegna skaðlegra og þrávirkra efna (forgangsefna) í vatni með markvissum aðgerðum með það að markmiði að stöðva losun þeirra. Vegagerðin þarf því að draga úr notkun efna sem eru hættuleg umhverfi, t.d. bindiefna.<br>Það telst ekki brjóta í bága við kröfur um umhverfismarkmið samkvæmt lögum þessum ef vistfræðilegt ástand í vatnshloti spillist tímabundið vegna óviðráðanlegra ytri atvika. Við slíkar aðstæður skal Vegagerðin grípa til raunhæfra ráðstafana til að koma í veg fyrir að ástand vatnshlotsins rýrni frekar en orðið er og til að hindra að skaði hljótist af í öðru vatnshloti. |

# Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 160/2010 | Lög um mannvirki | 126/2011, 131/2011, 80/2012 | 1,2, 9 | Röskun lands Steinefni | | Helstu markmið laganna eru m.a. að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt, að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.<br>Lögin gilda um umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, þau gilda ekki um vegi eða önnur samgöngumannvirki, svo sem, jarðgöng, vegskála eða aðrar brýr og þau gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur<br>Umsókn um byggingarleyfi skal send hlutaðeigandi byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Mannvirkjastofnun ásamt hönnunargögnum og öðrum nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. tilkynningu um hver verði hönnunarstjóri mannvirkisins. |
| 123/2010 | Skipulagslög | 160/2010, 126/2011, 131/2011, 27/2012, 80/2012, 135/2012, 60/2013<br><br>59/2014 | 1, 12, 13, 14, 16 | Röskun lands Steinefni, Loftmengun vegna umferðar á vegum | | Markmið skipulagslaga er m.a. að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.<br>Samkvæmt skipulagslögum ber að sýna samgöngumannvirki og landnotkun þeim tengdum s.s. vegi og námur á skipulagi. Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.<br>Vegagerðin skal afla framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki.<br>Öll efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Gera skal grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.<br>Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum koma fram í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.<br>Sveitarstjórn hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi og skal leyfið ætíð vera eftirlitsmönnum aðgengilegt. |
| 9/2009 | Um uppbyggingu og rekstur fráveitna | 131/2011 | 1, 2, 11 | Fráveitur og skólp | | Vegagerðinni er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki. |
| 60/2007 | Um Vatnajökulsþjóðgarð | 126/2011 | 2,12,14,15,18 | Röskun lands, Umferðarhávaði, Eldsneyti og olíur, Asfalt, Eiturefni og hættuleg efni, Spilliefni, Fráveitur og skólp, hálkuvarnir og rykbinding, landgræðsla | | Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.<br>Verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skal taka mið af verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði.<br>Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Mannvirkjagerð, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn.<br>Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði er bannaður.<br>Þjóðgarðsverðir, hver á sínu rekstrarsvæði, hafa eftirlit með því að virt séu ákvæði laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.<br>Þjóðgarðsverði er heimilt að loka þjóðgarðinum eða einstökum svæðum hans fyrirvaralaust ef hann telur að dvöl manna eða umferð geti spillt lífríki, jarðmyndunum eða landslagi eða ef hættuástand skapast í þjóðgarðinum vegna náttúruvár. |
| 200/2006 | Lög um tóbaksvarnir | 74/1984, 7/1996, 101/1996, 82/1998, 95/2001, 6/2002, 164/2002, 18/2003, 24/2003, 83/2006, 88/2008, 33/2009, 162/2010, 28/2011, 126/2011, 131/2011, 59/2013 | 1,2,3,9,11,12,13,20 | | Félagslegir- og andlegir þættir | Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annara. |
| 105/2006 | Um umhverfismat áætlana | 126/2011 | 1,3,6 | Röskun lands, Umferðarhávaði, Eldsneyti og olíur, Asfalt, Eiturefni og hættuleg efni, Spilliefni, Gamlar námur, Steinefni, Loftmengun vegna umferðar á vegum Sprengingar, Landgræðsla | | Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.<br>Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. |
| 91/2006 | Um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn | 34/2007, 98/2009, 162/2010, 126/2011, 125/2013 | 1,2,12,13,21 | Allir mikilvægir umhverfisþættir | | Skv. ISO 14001 staðlinum skulu tæki til vöktunar vera kvörðuð. |

## Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 23/2006 | Lög um upplýsingarétt um umhverfismál | 88/2008, 126/2011, 24/2012 | 1,3,5,10,11 | Á við um starfsemi Vegagerðarinnar | | Markmið laganna er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.<br>Vegagerðinni er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um umhverfismál, með vissum takmörkunum.<br>Vegagerðinni er ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra.<br><br>Ráðherra er heimilt að afmarka nánar í reglugerð hvað teljist skaðleg eða hættuleg frávik. |
| 85/2005 | Um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess | 58/2006, 123/2010, 126/2011, 60/2013 | 1,3,4 | Röskun lands,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Steinefni,<br>Hálkuvarnir og rykbinding,<br>Landgræðsla | | Tilgangur laganna er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setur reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna.  Vernda skal lífríki Þingvallavatns. |
| 97/2004 | Um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu | 126/2011, 131/2011 | 1,2,3,4,5, | Röskun lands,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Loftmengun vegna umferðar á vegum<br>Hálkuvarnir og rykbinding,<br>Landgræðsla | | Markmið laga þessara er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.<br>Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.<br>Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á svæðinu. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag.  Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða. |
| 47/2004 | Um þjóðgarðinn á Þingvöllum | 88/2008, 140/2009, 126/2011 | 1,4,5 | Röskun lands,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Loftmengun vegna umferðar á vegum<br>Hálkuvarnir og rykbinding,<br>Landgræðsla | | Þingvellir við Öxará og grenndin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga sem þjóðgarður.  Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar.  Það má aldrei selja eða veðsetja.<br>Innan þjóðgarðsins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn þar, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn.  Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.  Þetta á við um framkvæmdir, efnisflutninga og vetrarþjónustu Vegagerðarinnar innan þjóðgarðsins.  Vegagerðin þarf samþykki Þingvallanefndar til framkvæmda í þjóðgarðinum |
| 33/2004 | Um varnir gegn mengun hafs og stranda | 114/2004, 68/2006, 166/2008, 162/2010, 126/2011, 131/2011<br>52/2012<br>157/2012, 59/2013 | 2,7,8,16 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Spilliefni | | Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda. Þá er það markmið laganna að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs.<br>Getur átt við í tilfelli mengunaróhappa við framkvæmdir á strandsvæðum, t.d. við flutning á olíu- eða asfalttönkum.<br>Mengunaróhöpp vegna framkvæmda Vegagerðarinnar á landi, sem geta valdið mengun hafs og strandar, skal tilkynna til viðkomandi slökkviliðs í samræmi við lög um brunavarnir.<br>Ef umfang eða eðli mengunar er slíkt að ætla megi að almenningi stafi hætta af skal nota neyðarskipulag almannavarna.<br>Olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri má eingöngu losa í sjó sé olíumagn blöndunnar við útrás ekki meira en 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunar (þ.e. 15 ppm).Olíublandað fráveituvatn sem losað er í sjó skal leitt um olíuskilju sem uppfyllir gildandi staðla. |
| 55/2003 | Um meðhöndlun úrgangs | 150/2004, 73/2008, 93/2009<br>58/2011, 126/2011, 131/2011<br><br>63/2014 | 1,2,4,10,24,25,26,27 | Fastur úrgangur,<br>Spilliefni,<br>Steinefni<br>Sprengingar (v. Sprengiefna) | | Markmið laganna er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.  Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er.  Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.<br>Umhverfisstofnun gefur út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt en sveitarstjórnir ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi.  Vg. og verktakar verða að taka tillit til þess fyrirkomulags sem sveitarstjórnirnar hafa ákveðið.  Vegagerðin og verktakar þurfa að gæta þess að eiga aðeins viðskipti við móttöku- og söfnunarstöðvar sem hafa gilt starfsleyfi.<br>Vegagerðinni ber að flokka úrgang í samræmi við kröfur sveitarfélaga. Vegagerðin getur skilað rafhlöðum og rafgeymum til söfnunarstöðva.<br>Námuúrgangsstaður er staður í námu þar sem spilliefni sem notuð eru eða til falla við námuvinnsluna eru meðhöndluð sem úrgangur. Námuúrgangsstaðir Vegagerðarinnar skulu hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir. Vegagerðin skal gera úrgangsáætlun vegna reksturs námuúrgangsstaða. Fyrir námuúrgang sem flokkast sem hættulegur skal Vegagerðin gera viðbragðsáætlun vegna hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og setja fram aðgengilegar upplýsingar um þá hættu. |
| 91/2002 | Um varnir gegn landbroti | 61/2006, 31/2007, 133/2007, 167/2007, 127/2008, 79/2010, 126/2011, 132/2011 | 1,3,4,5 | Röskun lands | | Markmið laganna er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna.<br>Landgræðsla ríkisins fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um. Hún metur hvar þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum.<br>Verði Vegagerðin vör við landbrot eða telji hættu á landbroti yfirvofandi skal hún tilkynna það til Landgræðslunnar.  Landgræðslan skal hafa samráð við Vegagerðina vegna samgöngumannvirkja sem fyrirhleðslu er ætlað að verja. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 106/2000 | Um mat á umhverfisáhrifum | 74/2005,<br>166/2008,<br>72/2010,<br>123/2010,<br>126/2011,<br>131/2011,<br>60/2013, 138/2014 | | Röskun lands,<br>Umferðarhávaði,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Steinefni,<br>Loftmengun vegna umferðar á vegum<br>Sprengingar,<br>Landgræðsla | | Markmið laganna er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Einnig að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar og að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegn framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið.<br>Að lokum að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.<br>Lögin eiga við um sumar framkvæmdir Vegagerðarinnar. Í viðauka 1 eru taldar upp þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum, t.d. stofnbrautir í þéttbýli, nýjir vegir og enduruppbygging utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og efnistaka yfir ákveðnum mörkum. Í viðauka 2 eru taldar upp framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar, t.d. tengibrautir í þéttbýli, allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá, enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum, efnistaka á verndarsvæðum, breytingar á árfarvegi á verndarsvæðum, ruðningur á náttúrulegum skógi, mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum og uppgræðsla lands, t.d. vegfláa og áningarstaða, á verndarsvæðum, hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta silgt um.<br>Sé framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum verður Vegagerðin að leggja fram tillögu að matsáætlun, vinna frummatsskýrslu og loks matsskýrslu á sinn kostnað. Matsferli verður að vera lokið áður en framkvæmdaleyfi er gefið út og framkvæmdir hefjast. |
| 77/2000 | Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga | 90/2001, 30/2002,<br>81/2002, 46/2003,<br>72/2003, 50/2006,<br>77/2010,<br>162/2010,<br>126/2011 | 2,4,7-14,16,18-21,25-35, 29-30, 31-35 | | Félagslegir- og andlegir þættir | Lögin fjalla um persónuvernd, meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins |
| 75/2000 | Um brunavarnir | 164/2002,<br>67/2007, 88/2008,<br>166/2008,<br>29/2009,<br>161/2010,<br>162/2010,<br>10/2011, 126/2011 | 1, 2, 12,16, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Frásog frá vélaverkstæðum | Efnanotkun, Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Mannvirki er m.a. skv. skilgreiningu laganna samgöngumannvirki, dreifi- og flutningskerfi fjarskipta, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga, einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja.<br>Markmið laga um brunavarnir, er að vernda líf og heilsu manna, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Lögin taka ekki til eldvarna í ökutækjum.<br>Mengunaróhapp kallast það þegar bráðamengun verður og eiturefni eða önnur efni berast eða kunna að berast í umhverfið og tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á umhverfi, heilsu fólks eða eignum.<br>Vegagerðin og verktakar á hennar vegum eru skyldug til þess að tilkynna eldsvoða og mengunaróhöpp. Slökkvistjóri hefur stjórn á vettvangi við eldsvoða og mengunaróhöpp á landi.<br>Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hætta sé að því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist. Hjá Vegagerðinni eru til staðar eiturefni, hættuleg efni, bensín, gasolía, frostlögur, ísvari, spilliefni, tjöruhreinsir, úrgangsolía. Starfsmenn Vegagerðarinnar og verktakar skulu gæta varúðar. Gott er að hafa skriflega neyðaráætlun. Það er skylda skv. ISO 14001 að hafa neyðaráætlun varðandi hugsanleg umhverfisslys. |
| 44/1999 | Um náttúruvernd | 140/2001,<br>90/2002,<br>164/2002,<br>74/2005, 20/2006,<br>104/2006,<br>60/2007, 66/2007,<br>88/2008, 31/2009,<br>123/2010,<br>126/2011,<br>131/2011,<br>138/2011,<br>20/2012, 157/2012 | 1,2,12,17,18,19, 35,37,38,39,45, 46,47,48,49,50 | Röskun lands,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Steinefni,<br>Sprengingar,<br>Landgræðsla | | Markmið laga þessara er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.<br>Þau eiga einnig að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.<br>Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Undanþágur eru í gildi vegna starfa manna við landmælingar, vegalagnir og rannsóknir (Rg. nr. 528/2005). Meiriháttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.<br>Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:<br>• Eldvörp, gervigígar og eldhraun.<br>• Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m3 að stærð eða stærri.<br>• Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.<br>• Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m2 að stærð eða stærri.<br>• Sjávarfitjar og leirur.<br>Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá.<br>Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.<br>Með náttúruverndarlögunum var öll ný efnistaka gerð framkvæmdaleyfisskyld en ekki þurfti leyfi fyrir námum sem opnar voru við gildistöku laganna. Með lögum nr. 104/2006 voru eldri námur gerðar leyfisskyldar í áföngum. Eftir 1. júlí 2012 skal |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 7/1998 | Um hollustuhætti og mengunarvarnir | 59/1999, 87/2001, 90/2002, 98/2002, 164/2002, 150/2004, 125/2005, 20/2006, 167/2007, 88/2008, 166/2008, 9/2008 58/2011, 126/2011, 131/2011 157/2012, 61/2013, 144/2013 | 1,2,6 | Á við um starfsemi Vegagerðarinnar | Efnanotkun, Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Lögin eru rammalög og kveða m.a. á um hvaða reglugerðir ráðherra skuli setja varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir. Auk þess eru í lögunum ákvæði um valdsvið heilbrigðisnefnda, málsmeðferð ágreiningsmála og viðurlög við brotum.<br>Lögin taka tilhvers konar starfsemi og framkvæmda sem getur valdið mengun umhverfis og dregið úr heilnæmum lífsskilyrðum. Þau fjalla m.a. um valdsvið heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Umhverfisstofnunar og þvingunarúrræði vegna mengunar og mengunarslysa, svo sem áminningar, úrbótafrest, takmörkun eða stöðvun reksturs. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir verkstæði Vegagerðarinnar og fyrir verktaka.<br>Lögin taka til öryggis- og heilbrigðisstarfs innan fyrirtækja, skyldur atvinnurekenda, vinnustaðinn og framkvæmd vinnu þ.a. gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. |
| 50/1996 | Upplýsingalög | 76/1997, 83/2000, 23/2006, 161/2006, 88/2008, 55/2009, 126/2011, 115/2012 | 1,4,9 | Á við um starfsemi Vegagerðarinnar | | Lögin kveða m.a. á um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Vegagerðin er skyldug til þess að veita almenningi aðgang að fullgerðum gögnum um umhverfismál, með takmörkunum. Almenningur á rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið. Vegagerðin á að vinna að því að gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi. |
| 54/1995 | Um vernd Breiðafjarðar | 93/1996, 82/1998, 164/2002, 88/2008, 126/2011, 131/2011, 138/2011 | 1,2,6 | Röskun lands,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Loftmengun vegna umferðar á vegum<br>Hálkuvarnir/rykbindi ng<br>Landgræðsla | | Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginn<br>i frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.<br>Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um ræðir er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. |
| 64/1994 | Um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum | 144/1995, 73/1996, 93/1996, 140/1996, 83/1997, 82/1998, 121/1999, 131/1999, 100/2000, 90/2002, 164/2002, 60/2003, 94/2004, 36/2005, 56/2008, 88/2008, 123/2010, 63/2011, 126/2011, 60/2013 | 2,6 | Röskun lands,<br>Umferðarhávaði<br>Loftmengun vegna umferðar á vegum<br>Sprengingar | | Markmið laganna er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda. Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.<br>Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra. Vegagerðarmenn og verktakar skulu gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum. |
| 50/1987 | Umferðarlög | 62/1988 55/1990 90/1991 92/1991 12/1992 115/1992 44/1993 116/1993 147/1993 37/1996 90/1996 138/1996 48/1997 57/1997 83/1997 23/1998 32/1998 82/1998 84/1998 64/2000 91/2001 83/2002 26/2003 72/2003 132/2003 84/2004 24/2005 108/2006 178/2007 195/2007 69/2007 65/2008 88/2008 112/2008 126/2011, 119/2012, 152/2012, 59/2013 | 2,4-5, 9, 13-35, 36-38, 44-52,55, 59-69, 71, 73, 79,80,81,82,86 | | Vélar- og tæki, Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Öryggisbúnaður: Lögin fjalla um umferðarreglur gangandi vegfarenda og ökutækja og viðeigandi öryggisbúnað.<br>Að allir bílstjórar/ökumenn sýni tillitssemi, fari eftir leiðbeiningum, virði hraðatakmaranir, séu með viðeigandi ökuréttindi í gildi, ökutækið sé góðu ástandi, tryggi að farþegar yngri en 15 ára noti öryggisbelti, að farþegar byrgi ekki útsýni.<br>Að eigendur og forráðamenn ökutækja beri ábyrgð á að ökutækið sé í lögmætu ástandi.<br>Þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt. |

# Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 46/1980 | Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. | 15/1986 61/1990 7/1996 52/1997 83/1997 17/2003 68/2003 90/2004 138/2005, 162/2010, 126/2011, 59/2013 | 2,6,8,9,12-16, 18-27, 31,37, 41,42,45,46,48-67, 69, 78-80, 82,84-86, 93-95 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Frásog frá vélaverkstæðum,<br>Sprengingar | Efnanotkun, vélar og tæki, hreyfi- og stoðkerfi, aðbúnaður og vinnuumhverfi, félagslegir og andlegir þættir | Markmið laga þessara er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi.<br>Ef hættuleg efni, efnavörur, efnaúrgangur eða spilliefni, þar með talin eldfim efni og sprengiefni eru notuð skal atvinnurekandi gæta þess að þeim vinnuaðstæðum og starfsaðferðum sé beitt sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum.  Atvinnurekandi skal sjá til þess að öryggisblöð eða viðeigandi skriflegar leiðbeiningar liggi frammi ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra.<br>Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað, eða draga úr henni eins og kostur er. Einnig að leitast við að nota hættuminni efnavörur.  Efnavara sem getur stofnað heilsu starfsmannna í hættu skal vera í öruggum umbúðum á vinnustöðum.  Hættulegur efnaúrgangur og spilliefni skulu geymd með örugggum hætti á vinnustaðnum.  Þetta á við um hættuleg efni og eiturefni sem notuð eru af Vegagerðinni og verktökum á hennar vegum.<br>Í fyrirtækjum þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd, tvo fulltrúa starfsmanna og tvo fulltrúa atvinnurekanda, sem skipuleggur aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins.  Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki sjálfur í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði. Hann skal sjá til þess að þeir sem með þessi mál fara innan fyrirtækisins fái tíma og tækifæri til að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og hlutdeild í skipulagningu er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. |
| 17/1965 | Um landgræðslu | 54/1975, 42/1982, 10/1983, 108/1988, 73/1996, 83/1997, 167/2007, 88/2008, 126/2011, 138/2011 | 1 | Röskun lands, Landgræðsla | | Markmið laganna er að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp eydd og vangróin lönd.<br>Sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.  Þetta á við um Vegagerðina og verktaka á hennar vegum.  Landgræðslan hefur eftirlitsskyldu gagnvart verktökum og framkvæmdum Vg. |
| 3/1955 | Um skógrækt | 10/1983, 76/1984, 58/1989, 90/1991, 92/1991, 73/1996, 83/1997, 68/2005, 167/2007, 88/2008, 126/2011 | 1,6,7,8,9, | Röskun lands, Landgræðsla | | Markmið laga um skógrækt er að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu.  Að græða upp nýja skóga þar sem henta þykir.  Að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur.<br>Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð.  Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.<br>Öllum, sem um skóglendi fara er óheimilt að skerða trjágróður eða skemma hann.<br>Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi, skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingum eru, svo að öruggt sé, að þau opnist ekki af sjálfsdáðum. |

# Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

## Reglugerðir (B deild Stjórnartíðinda)

| Reglugerð nr. | Heiti | Breytingar | Greinar | Umhverfisþáttur | Öryggisþáttur | Tengsl við umhverfis/starfsþætti/áhættuþætti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 442/2015 | Um raf- og rafeindatækjaúrgang | | 2, 4, 6, 9 | Spilliefni,<br>Fastur úrgangur | | Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að því að koma í veg fyrir myndun raf- og rafeindatækjaúrgangs sem og að stuðla að endurnotkun, endurvinnslu eða annars konar endurnýtingu hans. Jafnframt að auka umhverfisvitund allra aðila sem framleiða, selja og nota raf- og rafeindatæki og þeirra sem meðhöndla raf- og rafeindatækjaúrgang.<br>Reglugerðin tekur m.a. til upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaðar, raf- og rafeindatækja, heimilistækja og ljósabúnaðar, nánar útlistað í viðaukum A og B.<br>Reglugerðin gildir um móttöku, geymslu, söfnun, endurvinnslu og aðra meðhöndlun.<br>Sveitarfélögin hafa þær skyldur að leggja til aðstöðu fyrir móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangi og taka á mót slíkum úrgangi gjaldfrjálst. Þau skulu veita íbúum leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila raf- og rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðvanna.<br>Viðauki I A og B inniheldur lista yfir þau raftæki sem reglugerðin tekur til. Öllum raf- og rafeindatækjabúnaði skal skila á viðurkenndar móttökustöðvar. |
| 1200/2014 | Um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum | | **1,3,** | **U3, U6,U7** | | Markmið reglugerðarinnar er að draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó frá skipum með því að tryggja aðstöðu í höfnum til að taka við úrgangi frá skipum. Reglugerðin gildir um allar íslenskar hafnir og þar með talið Landeyjarhöfn.<br>Hafnarstjórn skal koma upp viðunandi aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í öllum höfnum og gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa í samræmi við viðauka I. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er jafnan koma í viðkomandi höfn og hafnarstjórn er heimilt að fela þjónustuaðila með samningi umsjón með móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.<br>Umhverfisstofnun hefur eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í höfnum, tilkynningum um úrgang, áætlunum hafna og að til staðar sé aðstaða fyrir móttöku úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs, útgáfu starfsleyfa fyrir meðhöndlun hans og eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs.<br>Umhverfisstofnun hafa aðgang að nauðsynlegum gögnum s.s. tilkynningum um úrgang og farmleifar og kvittunum fyrir móttöku úrgangs til að meta hvort móttaka og meðhöndlun á úrgangi uppfylli settar kröfur. Skipstjóri skips ber ábyrgð á að tilkynna hafnaryfirvöldum um úrgang og farmleifar sbr. viðauka II |
| 415/2014 | Um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna | 946/2014<br>397/2015 | 3 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Hálkuvarnir og rykbinding | Efnanotkun | Merkingar á umbúðum skulu vera á íslensku<br>Eitrunarmiðstöð Landspítala skal taka við upplýsingum frá innflytjendum og eftirnotendum um efnablöndur.<br><br>Þetta getur átt við um starfsemi Vegagerðarinnar ef Vegagerðin notar efni á annan hátt en upprunalegt öryggisblað gerði ráð fyrir. Í slíku tilfelli þarf Vegagerðin að láta gera nýtt öryggisblað og skila til eitrunarmiðstöðvar Landspítalans. |
| 350/2014 | Um meðferð varnarefna og notendaleyfi | | 1,2,4, 5, | Eiturefni og hættuleg efni | Efnanotklun | Regulgerðin gildir um meðferð á plöntuverndarvörnum og útrýmingarefnum eins og Roundup. Starfsmenn Vegagerðarinnar þurfa að vera 18 ára til að fá að kaupa efnið.<br>Ávallt skalt gæta varúðar við meðferð varnarefna þannig að ekki valdi tjóni á heilsu eða<br>umhverfi utan þess sem verið er að meðhöndla og skal leitast við að koma í veg fyrir neikvæð<br>umhverfisáhrif. Sé þess kostur skal skipta út varnarefnum, sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á<br>heilsu manna eða skaðað umhverfið utan þess sem verið er að meðhöndla, fyrir hættuminni varnarefni.<br>Öryggisblöð eiga að vera til staðar.<br>Geyma skal efnið í umbúðum framleiðenda. Á tryggan hátt þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra.<br>Bannað er að endurnóta tóma umbúðir. Þeim skal fargað af viðurkenndum aðila.<br>Halda skal skrá yfir notkun. |
| 300/2014 | Um þvottaefni og hreinsiefni | | 2 | Eiturefni og hættuleg efni | | Reglugerðin er innleiðing á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 um þvotta- og hreinsiefni sem er fylgiskjal.<br>Í reglugerðinni eru settar reglur sem ætlað er að koma á frjálsum viðskiptum á innri markaðnum með þvotta- og hreinsiefni og yfirborðsvirk efni fyrir þvotta- og hreinsiefni og tryggja einnig öfluga vernd fyrir umhverfið og heilbrigði manna.<br>Framleiðendum ber að veita upplýsingar um efnin, m.a. um prófanir.<br>Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á söluumbúðum þvotta- og hreinsiefna með auðlæsilegu, sýnilegu og óafmáanlegu letri:<br>1. heiti og viðskiptaheiti vörunnar,<br>2. heiti, viðskiptaheiti eða vöruheiti og fullt heimilisfang og símanúmer þess sem er ábyrgur fyrir setningu vörunnar á markað,<br>3. heimilisfang, netfang, ef til er, og símanúmer þar sem hægt er að nálgast gagnablaðið sem um getur í 3. mgr. 9. gr.<br>Sömu upplýsingar skulu koma fram á öllum fylgiskjölum ef þvotta- og hreinsiefni eru flutt í lausri vigt.<br>Á umbúðum þvotta- og hreinsiefna skal koma fram innihald, í samræmi við forskriftirnar í A-hluta VII. viðauka. Þar skulu einnig koma fram leiðbeiningar um notkun og sérstakar varúðarráðstafanir ef þörf krefur.<br>Merkingar þvotta- og hreinsiefna skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.<br>Vegagerðin notar þvotta- og hreinsiefni til að þrífa vegstikur og skilti. Leitast er við að nota umhverfisvæn efni. |
| 218/2013 | Um færanlegan þrýstibúnað | | 1, 2, 10 | | Efnanotkun | Reglugerðin gildir um færanlegan þrýstibúnað (t.d. gashylki) sem ætlaður er til notkunar á vinnustöðum. Á við um búnað sem settur var á markað eftir 1. júlí 2001. Vegagerðinni er eingöngu heimilt að nota færanlegan búnað sem er í samræmi við reglugerðina.<br>Notandi skal varðveita upplýsingar um þá rekstraraðila sem hafa afhent honum færanlegan þrýstibúnað og þá rekstraraðila sem hann hefur afhent færanlegan þrýstibúnað síðastliðin tíu ár og hafa upplýsingarnar aðgengilegar fyrir Vinnueftirlit ríkisins, sé þess óskað. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 90/2013 | Skipulags-reglugerð | | 1,2, 5.3.2.5, 5.3.2.6, 5.4.1 | Röskun lands<br>Umferðarhávaði | | Markmið reglugerðarinnar er að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi.<br>Á svæðum fyrir íbúðir og starfsemi þar sem gilda viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða utanhúss skal sýna fram á að sá hávaði verði undir mörkum þar sem þess er krafist, og setja skilmála um hvernig það skuli tryggt ef með þarf.<br><br>Á svæðum fyrir starfsemi þar sem einungis liggja fyrir viðmiðunarmörk fyrir hávaða innanhúss, skal gera grein fyrir hver sé áætlaður hávaði utanhúss ef líklegt er talið að gera þurfi sérstakar kröfur til mannvirkja til að tryggja að hávaði innanhúss verði undir viðmiðunarmörkum.<br><br>Þar sem gert er ráð fyrir verulegum breytingum á landi, svo sem vegna varnargarða, landfyllinga, efnislosunar, efnistöku eða urðunar, skal gera grein fyrir umfangi svæðis, áfangaskiptingu og tímaáætlun, efnismagni sem fjarlægt er, fært til eða bætt er við. Gera skal grein fyrir landmótun, hæðarsetningum og frágangi að framkvæmdatíma loknum. Sama á við um aðrar framkvæmdir sem breyta ásýnd lands sem og á íþrótta- og útivistarsvæðum.<br>Áætla skal áhrif af landmótun, skógrækt, umferð, hávaða, umfangsmiklum mannvirkjum, svo sem háhýsum og hafnar- og samgöngumannvirkjum, lýsingu t.d. frá gróðurhúsum og ljósköstur um á íþróttasvæðum, mengun og lykt t.d. frá iðnaði og þauleldi, o.fl. eftir atvikum. Einnig skal lagt mat á hvort hætta geti verið á stórslysi, svo sem vegna geymslu hættulegra efna eða notkunar á hættulegum efnum<br><br>Við gerð aðalskipulags þarf að taka tillit til Samgangna, vega og stíga |
| 1010/2012 | Um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda | 1010/2012 | 1,2,3,4 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp<br>Hálkuvarnir og rykbinding | | Markmið reglugerðarinnar er að draga úr tjóni eða koma í veg fyrir tjón vegna bráðamengunar eftir því sem kostur er og samræma þær aðgerðir sem beita þarf þegar haf og strendur mengast skyndilega af olíu eða öðrum mengandi efnum eða þegar slíkt er yfirvofandi. Reglugerðin skilgreinir ábyrgð og verksvið þeirra sem eiga að bregðast við bráðamengun hafs og stranda. Hver sá sem er valdur að eða verður var við bráðamengun innan hafnarsvæðis skal tilkynna strax um bráðamengunina til viðkomandi hafnarstjóra sem grípur til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði laga og reglugerð þessa. Höfnum er skipt í þrjá flokka hvað varðar viðbrögð og mengunarbúnað vegna bráðamengunar. |
| 665/2012 | Um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu | 665/2012 | 1, 4, 6, | Röskun lands,<br>Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Hálkuvarnir og rykbinding,<br>Landgræðsla | | Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að verndun náttúrufars, þ.e. lífríkis, jarðmyndana og landslags, í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun, og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Óheimilt er að valda spjöllum eða raska lífríki, jarðmyndunum og landslagi á verndarsvæðinu.<br>Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndun þess svæðis sem reglugerðin nær til og eftirlit með framkvæmdum á svæðinu.<br>Vegagerðin skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum á verndarsvæðinu sem geta haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag þess. Umsókn skal berast stofnuninni a.m.k. fjórum vikum áður en fyrirhugað er að viðkomandi starfsemi eða framkvæmd hefjist. |
| 112/2012 | Bygginga-reglugerð | 1173/2012, 350/2013, 208/2014 | Kafli 1.1, 3.8, 4.1, 4.3, 4.5, 4.6, 4.11, 6.2, 6.4, 6.5, 6.12, 7.1, 7.2, 9.6, 9.7, 9.9, 10.2,10.3, 10.4, 10.5, 10.6, 10.7, 11.1, 12.1, 12.2, 12.3, 12.4, 12.7, 12.8, 12.9, 12.10, 14.1, 14.2, 14.3, 14.5, 14.7 | | Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Á m.a. við um vinnubúðir og göngubrýr.<br>Reglugerðin fjallar m.a. að vernda líf og heilsu manna og tryggja aðgengi allra að mannvirkjum. Ennfremur þegar bygging er tekin í notkun; framkvæma skal öryggis- og hollustuúttekt. Kröfur til hönnuða og iðnmeistara. Aðkomu að byggingu. Almennar kröfur um brunahönnun, brunavarnir og öryggisbúnaðar vegna brunavarna í byggingum. Rýmingar og flóttaleiðir við eldsvoða. Gerð flóttaleiða. Varnir gegn útbreiðslu elds og reyks. Aðstaða og búnaður vegna aðkomu slökkviliðs. Loftgæði, loftræsting, þægindi innilofts, birtu og lýsingu, raka og varnir gegn hávaða. Öryggi vegna slysa (t.d. fallhættu og aðgengi) á lóð. Öryggi vegna lagna og tæknibúnaðar og raflagnakerfis. |
| 1068/2011 | Um slökkvitæki | | 5, 6, 7, 8. | Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni | Vélar og tæki | Reglugerðin fjallar um slökkvitæki sem til staðar eru hjá Vegagerðinni. Kröfur eru gerðar til gæða búnaðar. Staðsetning slökkvitækja skal vera greinilega merkt og tækin sjálf merkt. Þau skulu yfirfarin reglulega. |
| 1067/2011 | Um þjónustuaðila brunavarna | | 3 | Eiturefni og hættuleg efni,<br>Spilliefni | Vélar og tæki | Þeir aðilar sem þjónusta Vegagerðina varðandi brunavarnir eiga að hafa gilt starfsleyfi. |
| 1020/2011 | Um rafhlöður og rafgeyma | 899/2012, 392/2013 | 5, 6, 7 | Spilliefni,<br>Fastur úrgangur | | Reglugerðin snertir Vegagerðina hvað varðar förgun spilliefna. Notaðar rafhlöður/rafgeymar sem heyra undir þessa reglugerð flokkast sem spilliefni. Samkvæmt því þarf að skila tilteknum spilliefnum til viðeigandi söfnunarstaðar. Að öðru leyti vísar reglugerðin til ábyrgðar framleiðanda, innflytjenda og sveitarfélaga og eftirlitsskyldu heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Umhverfisstofnun. |
| 1000/2011 | Um námu-úrgangsstaði | 1014/2014 | 1, 2,3 ,4, 6, 7, 13 | Spilliefni,<br>Fastur úrgangur,<br>Eldsneyti- og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni- og hættuleg efni | | Námuúrgangsstaður er staður í námu þar sem spilliefni sem notuð eru eða til falla við námuvinnsluna eru meðhöndluð sem úrgangur. Námuúrgangsstaður skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir.<br>Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfið, einkum á vatn, andrúmsloft, jarðveg, plöntur, dýr og landslag, af völdum meðhöndlunar úrgangs frá námuiðnaði.<br>Fyrir námuúrgangsstaði sem flokkast sem hættulegur skal rekstraraðili staðarins gera viðbragðsáætlun vegna hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og setja fram aðgengilegar upplýsingar um þá hættu.<br>Rekstraraðili skal án tafar og í öllum tilvikum innan 48 klukkustunda, tilkynna Umhverfisstofnun um alla atburði sem líklegt er að hafi áhrif á stöðugleika námuúrgangsstaðarins. Einnig um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið, sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, og hlíta ákvörðun Umhverfisstofnunar um eðli og tímasetningu þeirra aðgerða til úrbóta sem grípa ber til. Þær aðgerðir skulu vera á kostnað rekstraraðilans. |

## Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 941/2011 | Um auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis | | 1, 3,4 | Röskun lands (sjónræn áhrif) | | Reglugerðin tekur til auglýsinga utan þéttbýlis. Reglugerðin tekur ekki til umferðar-merkja eða spjalda með leiðbeiningum um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði og náttúru-verndarsvæði.<br>Óheimilt er Vegagerðinni og öðrum að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, þ. á m. skipulagslaga, laga um mannvirki og vegalaga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.<br>Umhverfisstofnun hefur eftirlit með ákvæðum reglugerðarinnar. |
| 540/2011 | Reglugerð um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma | | 2, 5, 6 | | Hreyfi- og stoðkerfi, Félagslegir- og andlegir þættir | Reglugerðin fjallar um skyldu atvinnurekenda til að skrá atvinnu- og atvinnutengda sjúkdóma og skyldur lækna til að tilkynna atvinnu og atvinnutengda sjúkdóma til Vinnueftirlits. |
| 1077/2010 | Um flutning á hættulegum farmi | 589/2011, 980/2013, 1181/2014 | 1, 2, 6, 7, 11, 16, 26 | Eldsneyti og olíur<br>Asfalt<br>Sprengingar | | Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að flutningur hættulegs farms á landi fari þannig fram að hætta á líkams- og heilsutjóni, svo og eignatjóni og umhverfisspjöllum, verði sem minnst.<br>Reglugerðin kveður m.a. á um umbúðir hættulegra efna við flutning og merkingu þeirra, flutningsskjöl með hættulegum varningi og merkingu ökutækja auk þess undanþágur frá reglugerðinni og ADR réttindum eru tilgreindar. Einnig er í reglugerðinni kveðið á um viðurkenningu flutningseininga og starfsþjálfun bílstjóra sem flytja hættulegan varning. Sá ökumaður sem annast flutning á hættulegum farmi skal hafa ADR-réttindi.<br>Reglugerðin á einnig við um þá verktaka sem vinna á vegum Vg. |
| 1005/2009 | Reglugerð um vélar og tæknilegan búnað | | 1,2,4,6,13,14-15 + VIÐAUKI I, III, IV, V | | Vélar og tæki | Reglugerðin gildir um vélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum. Reglugerðin á jafnframt við um vélar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur til einkanota sé ekki fjallað um þær í öðrum lögum eða reglugerðum. Reglugerðin gildir einnig umskiptanlegan búnað, öryggisíhluti, ásláttarbúnað, keðjur, strengi og bönd ofin úr sterkum efnum, vélrænan yfirfærslubúnað sem unnt er að fjarlægja og ófullgerðar vélar.<br><br>Einnig er langur listi yfir vélar og vélahluti sem reglugerðin á ekki við.<br><br>Vegagerðin getur skapað sér skaðabótaábyrgð ef ekki er tryggt að heilsu og öryggi starfsmanna stafi ekki hætta frá búnaði eða vélum. Nota skal búnaðinn miðað við niðurstöður áhættumats sem framleiðandinn gerir. Vélar skulu vera CE merktar. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 705/2009 | Um asbestúrgang | | | | | |
| 739/2009 | Um hreinsun og förgun PCB og staðgengisefna þess | | | | | |
| [...] | [...] | [...] | [...] | [...] | **[...]** | [...] |
| 750/2008 | Um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) | 340/2009, 836/2010 940/2011, 365/2012, 884/2012, 243/2013, 266/2013, 963/2016, 399/2014, 633/2014, 960/2014<br>125/2015 | 4 | Eldsneyti og olíur, Asfalt, Eiturefni og hættuleg efni, Háluvarnir og rykbinding | Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Reglugerðin á við um framleiðendur og innflytjendur efna þ.e þeir þurfa að veita upplýsingar um eiginleika efna, notkun og váhrif.<br>Öryggisblöð eru til þess ætluð að gera atvinnurekanda kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir með tilliti til umhverfisverndar, öryggis starfsmanna og hollustuhátta á vinnustöðum.<br>Markmið reglugerðarinnar er m.a. að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi ekki tjóni á heilsu manna og dýra eða á umhverfi. Í því skyni skal byggja á þeirri grundvallarreglu að framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur efna og efnablandna skuli ganga úr skugga um að þau efni sem þeir framleiða, flytja inn eða nota valdi ekki tjóni á heilsu manna eða umhverfi.<br>Öryggisblöð skulu vera á íslensku. Merkingar á umbúðum efna og efnablandna skulu vera á íslensku. Mega þó vera á ensku, dönsku, norsku eða sænsku í undantekningartilvikum t.d. til viðtakenda efna sem stunda rannsóknir og þróun enda sé um að ræða afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji annað erlent mál vegna menntunar eða annarrar sérhæfingar.<br>Eitrunarmiðstöð Landspítala skal taka við upplýsingum frá innflytjendum og eftirnotendum um efnablöndur. |
| 724/2008 | Reglugerð um hávaða | | 2,4,5,7,8,9, viðauki | Umferðarhávaði | Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða.<br>Reglugerð þessi tekur til hávaða af mannavöldum, ekki þó til hávaða frá neyðarstarfsemi. Í reglugerðinni eru m.a. viðmiðunargildi og leiðbeiningarmörk fyrir hljóðstig frá umferð og atvinnustarfsemi.<br>Við framkvæmdir t.d gatnagerð skal sérstaklega gætt að sem minnst ónæði verið að völdum hávaða.<br>Þegar Vegagerðin sem framkvæmdaraðili stendur fyrir vegagerð á íbúðarsvæðum eða nágrenni þeirra, við skóla og dvalarrými þjónustustofnana skal hún kynna fyrir íbúum nærliggjandi svæða með sannarlegum hætti áður en framkvæmd hefst. Fram skal koma tímalengd framkvæmdar, hvaða þættir hennar séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum Þetta tengist kannski ekki beint umferðarhávaða heldur framkvæmdarhávaða.<br>Vegagerðinni er skylt að gera allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða. |
| 608/2008 | Um Vatnajökulsþjóðgarð | 755/2009, 764/2011, 463/2013, 724/2013, 749/2013, 457/2014 | 2, 9, 16, 17, 31, | Röskun lands, Eldsneyti og olíur, Asfalt, Eiturefni og hættuleg efni, Spilliefni, Fráveitur og skólp, Hálkuvarnir og rykbinding, Landgræðsla | | Markmiðið með friðlýsingu Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans sem þjóðgarðs er að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir, og menningarminjar þess. Auk þess að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu. Í þjóðgarðinum skal veita fræðslu um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.<br>Öllum er skylt að ganga vel um náttúru þjóðgarðsins og menningarminjar og sýna ýtrustu varúð og tillitssemi svo að náttúru, menningarminjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spillt.<br>Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í þjóðgarðinum er bannaður. Akstur vélknúinna ökutækja er einungis heimill á til þess gerðum vegum í samræmi við verndaráætlun og í samræmi við merkingar enda séu vegir ekki ófærir vegna aurbleytu né lokaðir samkvæmt ákvörðun Vegagerðarinnar eða þjóðgarðsvarðar.<br>Á öðru landi en greinir í 1. mgr., á þeim svæðum sem tilgreind eru í viðauka III, sbr. einnig 26. gr., er heimilt ef nauðsyn krefur að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við heftingu landbrots, vegalagnir, rannsóknir, landmælingar o.fl,.svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin og þess gætt að ekki sé valdið skemmdum á vettvangi, enda sé ekki unnt að framkvæma viðkomandi störf á annan hátt.<br>Allar rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í þjóðgarðinum sem ekki eru á vegum þjóðgarðsyfirvalda eða hluti af framkvæmd samþykktrar verndaráætlunar er háð leyfi viðkomandi þjóðgarðsvarðar.<br>Mannvirkjagerð, vega-, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan marka þjóðgarðsins er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Í verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig framkvæmdum skuli háttað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdir raski ekki að óþörfu náttúru svæðisins, s.s. landslagi, lífríki og jarðmyndunum, eða menningarminjum. |
| 348/2007 | Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum | 172/2013, 043/2014<br>255/2015 | 2,3,4,5,6 | | Vélar og tæki | Reglugerðin segir til um skyldur ökumanna og farþega varðandi öryggi í akstri á vegum. Nota skal öryggisbelti nema í ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í reglugerðinni. |
| 326/2007 | Reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum | | 6,8,9,10 | | Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Bannað er að reykja innan dyra í atvinnuhúsnæði. Heimilt er að leyfa reykingar á útisvæði undir berum himni. Gæta skal þess að tóbaksreykur berist ekki inn í húsnæðið eða valdi öðrum þeim sem ekki reykja ónæði. |
| 922/2006 | Reglugerð um varnir gegn álagi vegna vélræns titrings á vinnustöðum. | | 3-15, Viðauki: A-1, A-2, B-1, B-2, B-5 | | Vélar og tæki | Reglugerðin á að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna sem eiga á hættu eða kunna að eiga á hættu að verða fyrir álagi vegna vélræns titrings við störf sín. Einnig skal bjóða starfsmönnum upp á heilsufarsskoðun ef hætta er talin á vélrænum titringi á vinnustað. |
| 955/2006 | Um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja | 192/2007, 461/2009 | 1 | Eldsneyti og olíur, Spilliefni, Fastur úrgangur, | | Það er krafa í ISO 14001 að mælitæki til vöktunar skulu vera kvörðuð. Samkvæmt reglugerð eiga mælitækin að vera með greinilegu löggildingartákni og að hægt sé að lesa mæliniðurstöður fyrirhafnarlaust. Að öðru leyti nær reglugerðin yfir ábyrgð Neytendastofu. Reglugerðin nær yfir öll mælitæki sem notuð eru til vöktunar mikilvægra umhverfisþátta hjá Vegagerðinni t.d vogir hjá sorphirðufyrirtækjum. |
| 921/2006 | Reglugerð um varnir vegna hávaða á vinnustöðum | | 3-18 | | Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna sem eiga á hættu eða kunna að eiga á hættu að verða fyrir álagi vegna hávaða við störf sín, einkum álagi er kann að leiða til heyrnarskaða. |
| 920/2006 | Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum | | 3, 6-34 auk viðauka | | Efnanotkun, vélar og tæki, hreyfi- og stoðkerfi, aðbúnaður og vinnuumhverfi, félagslegir og andlegir þættir | Atvinnurekandi skal tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Til staðar á að vera öryggisnefnd (tveir fulltrúar starfsmanna, öryggisulltrúar og tveir fulltrúar atvinnurekanda, öryggisverðir) þar sem fleiri en 50 starfsmenn starfa hjá Vegagerðinni. Reglugerðin tilgreinir helstu verkefni, hlutverk, réttindi og skyldur öryggisnefnda. Atvinnurekendur ber skylda að gera áætlun um öryggi og heilbrigði og heilsufarsskoðanir sem byggð er á áhættumati starfa. Atvinnurekanda ber skylda að þjálfa og fræða starfsmenn er varðar aðbúnað, öryggi og hollustuhætti. Atvinnurekandi ber skylda til að tilkynna Vinnueftirlitinu um öll vinnuslys sem starfsmenn verða fyrir ef þeir eru óvinnufærir einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 650/2006 | Um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns | 449/2009 | 1, 2, 4, 15 | Röskun lands, Eldsneyti og olíur, Asfalt, Eiturefni og hættuleg efni, Spilliefni, Fráveitur og skólp, Hálkuvarnir og rykbinding, Landgræðsla | | Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, að tryggja að innan verndarsvæðisins verði yfirborðsvatni eða grunnvatni ekki spillt eða það mengað, svo sem vegna jarðrasks, byggingar mannvirkja, búsetu, borunar eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda eða vegna flutninga og meðhöndlunar eiturefna og hættulegra efna, að tryggja að tegundum, búsvæðum, vistgerðum og líffræðilegri fjölbreytni Þingvallavatns verði ekki spillt.<br>Reglugerðin gildir um athafnir og framkvæmdir sem áhrif geta haft á vatnsgæði á verndarsvæði Þingvallavatns þ.m.t. vegaframkvæmdir og athafnir þeim tengdum svo sem frágang ræsa og uppgræðslu vegfláa.<br>Meginreglan er að innan verndarsvæðis Þingvallavatns er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað, hvort sem um er að ræða yfirborðsvatn eða grunnvatn.<br>Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur haft neikvæð áhrif á lífríki Þingvallavatns og vatnasviðs þess og óheimilt er að raska búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.<br>Við hreinsun skólps skal beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Gæta skal þess að mengunarefni í skólpi sem er Þingvallavatn er talið viðkvæmt fyrir séu hreinsuð ítarlega, svo sem köfnunarefni og saur. Afla skal samþykkis heilbrigðisnefndar Suðurlands fyrir nýjar og endurbættar frá-veitur skólps, sbr. ákvæði 15. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, og leyfi fyrir búnaði sem notaður er við meðhöndlun og hreinsun og losun skólps sem beita má á svæðinu. Umhverfisstofnun gefur út gátlista um hreinsikröfur og gerð og frágang fráveitu-búnaðar. Í gátlistanum skal m.a. koma fram viðmiðunarmörk um losun einstakra efna sem haft geta áhrif á lífríki svæðisins. |
| 367/2006 | Reglugerð um notkun tækja | | 4-10 auk viðauka | | Vélar og tæki | Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna þegar þeir nota tæki á vinnustöðum.<br>Reglugerðin fjallar um tæki sem notuð eru á vinnustað og hætta stafar af fyrir starfsmenn ef engar ráðstafanir eru gerðar. Meta þarf líkur á heilsutjóni ef notkun tækja getur haft í för með sér áhættu á heilsutjóni starfsmanna. Atvinnurekandi þarf að gera nauðsynlegar forvarnir og ráðstafanir til að til að draga úr áhættu. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn um áhættuna og þjálfa þá. Atvinnurekandi skal sjá til þess að tækin séu skoðuð fyrir notkun. Vinnueftirlit sér um skoðun tækja. |
| 1123/2005 | Um mat á umhverfisáhrifum | 338/2010 | 1, 2, 6, 9, 10, 12, viðaukar | Röskun lands, Umferðarhávaði Eldsneyti og olíur, Asfalt, Eiturefni og hættuleg efni, Spilliefni, Steinefni, Loftmengun (frá umferð á þjóðvegum) Sprengingar Landgræðsla | | Reglugerðin gildir um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum.<br>Markmið hennar er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar, að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar, að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar og mótvægisaðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.<br><br>í reglugerðinni eru nánari ákvæði um framkvæmd laganna nr. 106/2000, þar með talið um tilkynningar um framkvæmdir skv. 2. viðauka, framsetningu matsáætlunar, matsskýrslu og gögn, samráðsferlið, annars konar mat, aðgang almennings að gögnum, kynningu á framkvæmd og álitum, framlagningu frekari gagna, samtengingu vinnu við mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfis, eftirlit.<br>Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum eru stofnbrautir í þéttbýli og nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri auk þess öll enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd. |
| 1025/2005 | Um rokkjörn lífræn efnasambönd í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja | 895/2012 | 1, 2, | Eiturefni og hættuleg efni, Spilliefni | | Markmið reglugerðarinnar er að takmarka notkun rokgjarnra lífrænna efnasambanda í tiltekinni málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða ökutækja til að draga úr mengun andrúmsloftsins af völdum ósons við yfirborð jarðar.<br>Ákvæði reglugerðarinnar taka til málningar, lakks og annarrar efnavöru sem notuð er til yfirborðsmeðferðar á byggingum, skreytingum þeirra og innréttingum og talin er upp í viðauka I.1 við reglugerð þessa, að undanskildum úðaefnum, sem ætluð er til skreytingar, hlífðar eða til að ná fram annarri virkni.<br>Reglugerðin tekur einnig til lakkefna til yfirborðsmeðferðar ökutækja eða hluta þeirra sem talin eru upp í viðauka I.2 og ætluð eru til viðgerða, viðhalds eða skreytinga utan bifreiðasmiðja.<br>Starfsmenn Vegagerðarinnar sjá um að gera upp og lagfæra gömul tæki sem á að varðveita, t.d. á söfnum. |
| 1000/2005 | Um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir | | 1,2,3,7, | Umferðarhávaði | | Markmið reglugerðarinnar er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða.<br>Kortleggja skal hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Kortlagning skal framkvæmd í samræmi við aðferðir tilgreindar í reglugerðinni.<br>Veghaldari skal gera hávaðakort sem sýnir stöðu ársins á undan fyrir stóra vegi en sveitarstjórn skal útbúa hávaðakort sem sýni stöðu ársins á undan fyrir þéttbýlissvæði.<br>Á þéttbýlissvæðum skal vera samvinna milli Vegagerðarinnar og sveitarstjórnar og skal niðurstaðan sýnd sem heildstætt hávaðakort sem sveitarstjórn gefur út. Nái þéttbýlissvæði til fleiri en eins sveitarfélags er þeim heimilt að hafa samvinnu um gerð hávaðakorts fyrir þéttbýlissvæðið í heild eða einstaka hluta þess.<br>Vegagerðin skal halda skrá yfir stóra vegi og skal skráin uppfærð á a.m.k. fimm ára fresti.<br>Stór vegur er skilgreindur sem svæðisbundinn vegur, þjóðvegur eða annar vegur, afmarkaður í skipulagi þar sem meira en þrjár milljónir ökutækja fara um á ári. |

# Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 528/2005 | Um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands | 497/2007 | 1,2,4,5 | Röskun lands, Eldsneyti og olíur | | Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að náttúruvernd og tryggja að umgengni um náttúruna sé þannig að ekki hljótist af náttúruspjöll.<br>Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands. Heimilt er þó að aka vélknúnum ökutækjum á jöklum svo og snævi þakinni og frosinni jörð svo fremi að ekki skapist hætta á náttúruspjöllum.<br>Heimilt er ef nauðsyn krefur að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við landgræðslu og heftingu landbrots, vegalagnir, rannsóknir, landmælingar o.fl. enda sé ekki unnt að framkvæma viðkomandi störf á annan hátt. Sérstök aðgát skal viðhöfð við aksturinn til að draga úr hættu á náttúruspjöllum. Hafa skal fullnægjandi útbúnað til slíks aksturs. Við framangreindar athafnir skal leita leiða til að flytja efni og annað sem til þarf þannig að ekki sé þörf á akstri utan vega.<br>Aðgæta þarf að bílar og tæki sem notuð eru til vegaframkvæmda séu þannig búin að eldsneyti eða olíur spilli ekki náttúrunni. |
| 1000/2004 | Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum | | 4,5,6,7, | | Félagslegir- og andlegir þættir | Markmiðið reglugerðarinnar er að innan vinnustaða verði stuðlað að forvörnum og aðgerðum gegn einelti á vinnustöðum. |
| 792/2004 | Um móttöku á úrgangi frá skipum | | | Fastur úrgangur spilliefni | | Markmið reglugerðarinnar er að draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó frá skipum með því að tryggja aðstöðu í höfnum til að taka við úrgangi frá skipum.<br>Fjallar um skyldu hafnarinnar til að taka á móti úrgangi frá skipum. Reglugerðin leyfir að þriðji aðili sjái um þjónustuna. |
| 822/2004 | Reglugerð um gerð og búnað ökutækja | 967/2014, 918/2014 630/2014, 236/2014, 1045/2013, 377/2013, 388/2012, 837/2012, 898/2012, 170/2011, 722/2011, 326/2010, 871/2010, 635/2009, 875/2009, 1028/2008, 165/2008, 1116/2007, 1279/2007, 207/2007, 349/2007, 156/2006, 427/2006, 465/2006, 689/2006, 953/2006, 1071/2005, 375/2005, 647/2005, 986/2005<br>192/2015, 509/2015 | 1, 2, 4-24 | Loftmengun (frá umferð á þjóðvegum), Umferðarhávaði, Eldsneyti og olíur | Vélar og tæki, Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Gerðar eru ýmsar kröfur til hámarksefna í útblæstri og leyfilegan hávaða frá bifreiðum, sendibifreiðum, vörubifreiðum og námuökutækjum. Einnig eru kröfur til útblásturs frá vinnuvélum sem geta ekið á þjóðvegum.<br>Reglugerðin á við um ökutæki Vegagerðarinnar og verktaka. Í reglugerðinni eru m.a. ákvæði varðandi útblástursloft og hávaða frá ökutækjum.<br>Gæta skal þess að leki olíu frá aflrás sé í lágmarki. Frá útblásturskerfi má ekki stafa ónauðsynlegur og óþægilegur hávaði. Frá hreyfli ökutækis má ekki stafa ónauðsynlegur reykur. Leki olíu eða kælivatns frá hreyfli skal vera í lágmarki.<br>Óheimilt er að fjarlægja búnað sem er til að draga úr útblástursmengun. Skemmist slíkur búnaður eða dragi verulega úr virkni hans skal þegar endurnýja hann.<br>Ýmis önnur ákvæði eru í reglugerðinni sem varða útblástur frá vélum og tækjum. |
| 553/2004 | Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum | 286/2006 | 4-15, auk viðauka | | Efnanotkun | Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni eða verða fyrir mengun frá þeim.<br>Meta þarf áhættu á heilsutjóni ef líkur eru á að starfsmenn hljóti heilsutjón af vegna vinnu með efni. Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að minnka áhættu og draga úr mengun. Efni skulu vera í tryggum umbúðum og vel og rétt merkt. Atvinnurekandi skal þjálfa og upplýsa starfsfólk um hættur sem fylgja notkun efna og gera ráðstafanir ef slys eða óhöpp verða. Starfsmenn hafa rétt á heilsufarsskoðunum ef þeir verða fyrir mengun frá varsömum efnum, bæði áður en þeir hefja störf og síðan reglulega eftir það. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirlitinu um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll. |
| 349/2004 | Reglugerð um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum. | | 4-9 | | Efnanotkun | Markmið reglugerðarinnar er að bæta öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum þar sem hætta er á sprengifimu andrúmslofti. |
| 737/2003 | Um meðhöndlun úrgangs | 969/2014 | 1, 2,4,6, 11, 12, 16, 17, 18, 19 | Fastur úrgangur, Spilliefni, | | Reglugerðin gildir almennt um alla meðhöndlun úrgangs en hún fjallar ekki um förgun hans þar eð þar gilda reglugerðir um urðun og brennslu úrgangs.<br>Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með meðhöndlun á úrgangi. Þær veita einnig starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður. Það er hins vegar í verkahring hverrar sveitarstjórnar að sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.<br>Sveitarstjórn getur sett skilyrði um meðferð úrgangs hjá Vegagerðinni og verktökum hennar. Vegagerðin skal draga eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Vegagerðin/verktaki skal færa allan úrgang til meðhöndlunar í söfnunar- og móttökustöð. Meðferð úrgangs skal vera þannig að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af.<br>Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang þannig að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.<br>Ekki má brenna úrgang. Hafi úrgangur dreifst eða sé meðferð úrgangs ábótavant að öðru leyti getur heilbrigðisnefnd krafist þess að viðkomandi aðili hreinsi upp og geri viðeigandi ráðstafanir. Vegagerðin/verktaki skal ávallt leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang. Þann hluta sem úrgangshafi nýtir ekki sjálfur skal flytja til söfnunar- eða móttökustöðva sem hafa starfsleyfi.<br>Úrgangi sem fellur til við atvinnurekstur skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma þannig að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Úrgang skal geyma í hentugum sorpílátum.<br>Verkstæði og áhaldahús Vegagerðarinnar og verktakar þurfa starfsleyfi m.a. vegna meðhöndlunar úrgangs. Í starfsleyfinu skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Miða skal ákvæði við aðstæður á viðkomandi stað. |
| 184/2002 | Um skrá yfir spilliefni og annan úrgang | 428/2003, 968/2014 | 1, 2, og viðaukar | Spilliefni | | Reglugerðin gildir um úrgang, skrá yfir spilliefni, hvað gerir úrgang hættulegan og ýmsar leiðir til nýtingar og svo förgunarleiðir. |

# Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 941/2002 | Reglugerð um hollustuhætti | 674/2005, 242/2007, 747/2009<br>518/2015 | 7-15,17,18-20, 22, 55, 73 | | Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Reglugerðin kveður á um starfsleyfisskyldu. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit í starfsemi þar sem sérstakra öryggisráðstafana er þörf.<br>Í reglugerð er kveðið á um frágang og gæði húsnæði og lóða, salernisaðstöðu, hreinlæti og þrif. |
| 931/2000 | Reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti. | | 3,4,5,6 og Viðauki I. | | Efnanotkun, vélar og tæki, hreyfi- og stoðkerfi, aðbúnaður og vinnuumhverfi, félagslegir og andlegir þættir | Reglugerðin tekur til kvenna sem eru starfsmenn og eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti og er markmið hennar að bæta öryggi og heilbrigði þeirra á vinnustöðum. |
| 155/2000 | Um öryggisloka og áþreifanlega viðvörun | 354/2002 | 2, 3, 4 | Eiturefni og hættuleg efni | Efnanotkun | Reglugerðin á við um allar umbúðir og merkingar efna sem skilgreind eru sem hættuleg efni eða efnablöndur og falla undir reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.Umbúðirnar skulu hafa öryggisloka sem börn geta ekki opnað. Auk þess skulu umbúðirnar vera merktar með viðvörun um viðeigandi hættu. |
| 809/1999 | Um olíuúrgang | 673/2011 | 2, 5, 6, 7,8, 10, 11 | Eldsneyti og olíur<br>Spilliefni | | Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja rétta meðhöndlun olíuúrgangs þannig að hann valdi ekki mengun.  Í reglugerðinni er m.a. kveðið á um meðhöndlun olíuúrgangs, geymslu og förgun.  Í reglugerðinni eru einnig ákvæði um starfsleyfisskyldu þeirra sem meðhöndla olíuúrgang.<br>Draga skal eins og unnt er úr myndun olíuúrgangs. Stuðla ber að endurmyndun og annarri endurnýtingu.<br>Öll meðhöndlun olíuúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.<br>Tryggja skal að við vinnslu olíuúrgangs sé beitt aðferðum sem valda ekki mengun yfir leyfilegu hámarki.<br>Bannað er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, í sjó eða í fráveitu, svo og í jarðveg.<br>Olíuúrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang.<br>Einstaklingum og lögaðilum er annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá starfsemi í landi og tryggja viðunandi förgun.  Olíufélögin eiga því að taka við olíuúrgangi.<br>Vegagerðinni er skylt að geyma olíuúrgang á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. |
| 806/1999 | Um spilliefni | 169/2002 | 2, 3, 5, 6, 8, 10, 11, 16 | Spilliefni,<br>Steinefni (asfaltmenguð),<br>Sprengingar (v. Sprengiefna) | | Markmið reglugerðarinnar er að tryggja rétta meðhöndlun spilliefna þannig að þau valdi ekki mengun.  Í reglugerðinni eru spilliefni skilgreind og m.a. kveðið á um meðhöndlun, flokkun og flutning spilliefna.  Reglugerðin á við um öll spilliefni sem falla til við starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka hennar.<br>Spilliefni og úrgangsolíu skal flytja til söfnunar- og móttökustöðvar sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.<br>Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang.  Einstökum tegundum spilliefna skal auk þess halda aðgreindum.  Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfissins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr.  Gæta skal að ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.<br>Vegagerðin og verktakar hennar mega flytja spilliefni sjálf til söfnunar- eða móttökustöðva upp að vissu marki sem tilgreint er í gr. 10.2. |
| 798/1999 | Um fráveitur og skólp | 450/2009 | 2, 5, 13, 26 | Eldsneyti og olíur,<br>Eiturefni- og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp | | Markmið reglugerðarinnar er m.a. að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.<br>Reglugerðin gildir fyrst og fremst um frágang fráveitu við vinnubúðir svo og um þörf á hreinsibúnaði svo sem olíuskiljur þar sem hætta er á að olía geti farið í frárennsli.<br>Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur atvinnuhúsnæðis og vinnubúða.  Tengist fráveitum og rotþróm frá verkstæðum og þjónustustöðvum Vegagerðarinnar og vinnubúðum verktaka.  Setja þarf upp olíuskilju þar sem hætta er á að olía fari í frárennsli.<br>Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur, t.d. við framkvæmdir í þjóðgörðum eða á grunnvatnssvæðum. |
| 797/1999 | Um varnir gegn mengun grunnvatns | | 2,5,10 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni- og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Hálkuvarnir og rykbinding | | Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun grunnvatns og umhverfis þess af mannavöldum.  Í reglugerðinni er m.a. tekið á losun efna í grunnvatn, notkun hættulegra efna og ákvæði starfsleyfa.<br>Reglugerðin tekur til atvinnurekstrar hér á landi.  Reglugerðin gildir um varnir gegn mengun grunnvatns og um losunarmörk, gæðamarkmið og umhverfismörk. |

# Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 796/1999 | Um varnir gegn mengun vatns | 533/2001,<br>913/2003,<br>955/2011 | 2, 3, 5, 7, 12 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni- og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fráveitur og skólp,<br>Hálkuvarnir og rykbinding | | Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum, að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á vatni og að flokkun vatns lúti tilteknum reglum, að tryggja að losun forgangsefna í vatn verði hætt og að styrkur þeirra í vatni hækki ekki frá því sem verið hefur og að stuðla að almennri vernd vatns.<br>**Mengun vatns er óheimil.**<br>Reglugerðin gildir m.a. um losunarmörk vegn losunar ýmissa hættulegra og óæskilegra efna og efnasambanda í vatn frá atvinnurekstri. Gildir um olíu, og spilliefni, einnig getur verið um að ræða efni eins og málningu, hreinsiefni, viðarvörn, tjöruhreinsi og lakk.<br>Öll losun mengandi efna og skólps í vatn er óheimil án starfsleyfis. Í starfsleyfum skal þess krafist að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir, m.a. með því að beita bestu fáanlegri tækni, til að koma í veg fyrir vatnsmengun. Jafnframt skal leitast við að nota þau efni sem skaða umhverfið sem minnst. Við ákvörðun um framkvæmdir á vatnsverndarsvæði skal umsækjandi starfsleyfis leggja fram mat um hvort hætta sé á að vatnsbólið spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar.<br>ATH. Fyrirtækjum sem fengið hafa starfsleyfi á grundvelli reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hvort sem starfsleyfi er gefið út af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, ber að skila til Umhverfisstofnunar yfirliti um losun efna af lista III og IV í viðauka með reglugerðinni í viðkomandi vatnaumdæmi. Fyrirtæki mega skila þessum upplýsingum sem hluta af upplýsingagjöf sem fellur undir reglugerð um útstreymisbókhald ef við á. |
| 788/1999 | Um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna | | 2,4,5,6,7,8 | Loftmengun (frá umferð á þjóðvegum),<br>Eldsneyti og olíur | | Markmið reglugerðarinnar er að draga úr loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna, einkum af völdum vélknúinna ökutækja. Í reglugerðinni eru ákvæði um stillingar, lausagang, prófanir o.fl. fyrir vélknúnum ökutækjum og öðrum hreyfanlegum uppsprettum. Ákvæði um mengunarvarnabúnað ökutækja eru einnig í reglugerð 915/2000 um gerð og búnað ökutækja.<br>Í viðauka eru sett fram losunarmörk mengunarefna í útblásturslofti bifreiða. |
| 787/1999 | Um loftgæði | 391/2013 | 2,5,6,9,21 | Frásog frá vélaverkstæðum | | Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið, meta loftgæði á samræmdan hátt, afla upplýsinga um loftgæði og viðhalda þeim þar sem þau eru mikil eða bæta þau ella. Jafnframt er það markmið að draga úr mengun lofts.<br>Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Í ákvæðum starfsleyfa fyrir mengandi atvinnurekstur skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun og beita skal til þess bestu fáanlegu tækni.<br>Heilbrigðisnefndir geta stöðvað atvinnurekstur ef farið hefur verið yfir mengunarmörk. |
| 786/1999 | Um mengunar-varnaeftirlit. | 850/2000,<br>49/2001,<br>106/2004,<br>1005/2006,<br>607/2010,<br>1289/2012<br>375/2015 | 1,2,8, 12, 14, 20, Fylgiskjal 2 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni- og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fastur úrgangur,<br>Fráveitur og skólp,<br>Steinefni,<br>Sprengingar,<br>Frásog frá vélaverkstæðum | | Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar og athafna sem geta haft í för með sér mengun með því að tryggja að mengunarvarnaeftirlit sé með fullnægjandi hætti. Í reglugerðinni eru m.a. taldar upp skyldur eftirlitsaðila og eftirlitsþega, tíðni eftirlits, aðgangur að upplýsingum hjá eftirlitsþega og valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila.<br>Reglugerðin gildir um mengunarvarnaeftirlit með atvinnurekstri og athöfnum sem geta haft í för með sér mengun og nær til allrar mengunar ytra umhverfis hér á landi. Samkvæmt. fylgiskjali 2, 7. lið flokkast starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka hennar undir athöfn sem getur haft í för með sér mengun.<br>Starfsleyfi þarf fyrir bifreiða- vélaverkstæðis- og smurstöðvaðstöðu. Verktakar með þungavinnuvélar þurfa einnig starfsleyfi. Reglugerðin á að auki við ýmsa starfsemi svo sem starfsemi sem snertir vinnslu og úrvinnslu á jarðefnum, verktaka sem sjá um meðferð skólps og úrgangs. Olíumalar- og malbikunarstöðvar falla einnig undir reglugerðina sem og geymsla olíumalarefna og lagning utan fastra starfsstöðva.<br>Í starfsleyfum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna eru m.a. ákvæði um losun hættulegra efna og spilliefna í fráveitur, um að lágmarka notkun hættulegra efna, um olíulagnir og olíugildrur – staðsetningu þeirra, eftirlit og tæmingar, um olíuhreinsiefni, um búnað til uppheinsunar olíu- og hættulegra efna, um sandskiljur, um eldsneytistanka, um asfalttanka, um útstreymi rokgjarnra lífrænna efna og um spilliefni og annan úrgang. |
| 785/1999 | Um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. | 849/2000,<br>48/2001,<br>105/2004,<br>608/2010,<br>1288/2012<br><br>177/2014.<br>214/2014<br>373/2015 | 2,5,7,9-16, 18-21, 24, 26-29, 31,33,34 | Eldsneyti og olíur,<br>Asfalt,<br>Eiturefni- og hættuleg efni,<br>Spilliefni,<br>Fastur úrgangur,<br>Fráveitur og skólp,<br>Steinefni,<br>Sprengingar,<br>Frásog frá vélaverkstæðum | | Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar og athafna sem geta haft í för með sér mengun, koma á samþættum mengunarvörnum og að samræma kröfur og skilyrði í starfsleyfum. Reglugerðin gildir um undirbúning, innihald, auglýsingu og útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og fellur undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vélaverkstæði og flestar þjónustustöðvar Vegagerðarinnar og verktakar með þungavinnuvélar falla undir þetta ákvæði. Einnig verktakar sem vinna jarðefni, harpa og mala steinefni svo og malbikunarstöðvar og steypustöðvar eða steypueiningaverksmiðjur. Einnig meðhöndlun og förgun spilliefna þ.m.t. staðir fyrir námuúrgang skv. fylgiskjali 1.<br>Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt og að mengunarvarnir séu samræmdar og samþættar. Heilbrigðisnefndir sjá um útgáfu starfsleyfa.<br>Í starfsleyfum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna eru m.a. ákvæði um losun hættulegra efna og spilliefna í fráveitur, um að lágmarka notkun hættulegra efna, um olíulagnir og olíugildrur – staðsetningu þeirra, eftirlit og tæmingar, um olíuhreinsiefni, um búnað til uppheinsunar olíu- og hættulegra efna, um sandskiljur, um eldsneytistanka, um asfalttanka, um útstreymi rokgjarnra lífrænna efna og um spilliefni og annan úrgang. |
| 684/1999 | Um sprengiefni | 161/2007,<br>847/2007,<br>1000/2009 | | Sprengingar,<br>Eiturefni og hættuleg efni,<br>Sprengiefni | | Reglugerðin gildir um framleiðslu, geymslu, notkun og flutning sprengiefnis, þ.á.m. lestun og losun, svo og um kaup, förgun, verslun og inn- og útflutning. Reglugerðin gildir einnig um tæki og efni sem notuð eru við hverskyns meðferð sprengiefnis. Sex viðaukar fylgja með reglugerðinni. 1) Grunnkröfur um öryggi, 2) Samræmismerkið, 3) Hættu- og varúðarmerki, 4) Öryggisfjarlægðir, 5) Leyfi til flutnings efna í mismunandi aðskilnaðarflokkum og 6) Hámarksbylgjuhraði fyrir mannvirki.<br>Ákvæði reglugerðarinnar eiga við hjá þeim verktökum Vegagerðarinnar sem þurfa að meðhöndla sprengiefni við vegaframkvæmdir. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 426/1999 | Reglugerð um vinnu barna og unglinga. | | 4,5,6,7,10,,11,12,14, Kafli IV, Kafli V. Kafli VII, Viðauki 1A, 1B, 1C, 2, 3, 4 | | Efnanotkun, vélar og tæki, hreyfi- og stoðkerfi, aðbúnaður og vinnuumhverfi, félagslegir og andlegir þættir | Reglugerðin tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri og barna sem eru einstaklingar undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi.<br>Fjallað er um störf sem þessir einstaklingar mega gegna, vinnutíma, hvíldartíma, tæki sem viðkomandi má og má ekki vinna á, efni sem ekki má vinna með. |
| 433/1997 | Reglugerð um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi. | | 3,4,5,6 | | Efnanotkun, vélar og tæki, hreyfi- og stoðkerfi, aðbúnaður og vinnuumhverfi, félagslegir og andlegir þættir | Öll störf: Reglugerðin gildir um afleysingastörf og tímabundið starf. |
| [... ] | [... ] | [... ] | [... ] | [... ] | [... ] | [... ] |
| 200/1994 | Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði. | | 1,3.1, 3.2, 3.3, 3.4, 3.5, 4, fylgiskjal | | Efnanotkun, Vélar og tæki, Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Reglugerðin gildir um reglubundið eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis á öllu landinu.<br>Í atvinnuhúsnæði þar sem 30 manns eða fleiri starfa eða dveljast að staðaldri skal a.m.k. einu sinni á ári halda brunaæfingu. Hafa ber samráð við slökkviliðsstjóra um tilhögun slíkra æfinga eða leita aðstoðar hjá öðrum aðila sem slökkviliðsstjóri samþykkir og öðlast hefur viðurkenningu, t.d. eftir námskeið hjá Mannvirkjastofnun. |
| 35/1994 | Um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi | | 1,3, | Eldsneyti og olíur, Spilliefni | | Reglugerðin kveður m.a. á um hvernig gengið skuli frá mannvirkjum þar sem olía er geymd. Umhverfinu er skipt í þrjá flokka vegna mengunarhættu. Frágangur olíumannvirkja, tæringar- og lekavarnir taka mið af staðsetningu, þ.e. hvernig umhverfið hefur verið flokkað. Sé ekki ljóst í hvaða flokk tiltekin staðsetning olíumannvirkis fellur, tekur heilbrigðisnefnd ákvörðun þar um. Reglugerðin kveður einnig á um viðhald og eftirlit með olíumannvirkjum.<br>Reglugerðin gildir um olíubirgðastöðvar, bensínstöðvar, olíugeyma og önnur mannvirki þar sem olía er geymd. Gildir einnig um geyma þar sem úrgangsolía eða önnur spilliefni eru meðhöndluð eða geymd.<br>Sjaldgæft er að við framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar séu notaðir olíugeymar stærri en 4 m3. Því er reglugerðin greind m.t.t. minni olíugeyma en 4.000 ltr og olíukálfa sem eru mest 1.200 ltr.<br>Rekstraraðili ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri olíukálfs eða olíugeymis. Athuga þarf hver er rekstaraðili í hverju tilfelli, getur verið eigandi eða leigutaki.<br>Utan um olíugeyma skal ávallt vera olíuheld lekavörn sé geymir stærri en 10 m³. Sé geymir minni þarf lekavörn á vatna- og strandsvæðum, vatnsverndarsvæðum, aðrennslissvæðum vatnsbóla og viðkvæmum svæðum t.d. sem eru á náttúruminjaskrá, einnig á öðrum svæðum. Utan um geyma geta verið lekavarnir svo sem þró úr olíuheldum dúk. Hvers konar tæringar- og lekavarnir eru notaðar fer eftir því hvað svæði eru viðkvæm. Nánar í 22.gr. og 6.gr.<br>Ganga skal frá úrgangsolíugeymi þannig að auðvelt sé að losa í hann olíu og tæma hann. Tryggja þarf að hætta á að smit eða slys verði sé sem minnst.<br>Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með geymum og lögnum. Heilbrigðiseftirlit viðkomandi svæðis skal hafa eftirlit með höndum þegar um byggingu eða rekstur olíumannvirkja er að ræða.<br>Verði óhöpp tengd olíumeðhöndlun skal tilkynna óhapp til Slökkviliðs (112) ef Vegagerðin og/eða verktakar telja sig ekki ráða við að stöðva óhappið og hreinsa upp það sem niður fór. Útbúa þarf viðbragðsáætlun vegna þessa hjá verktökum og Vg. |
| [... ] | [... ] | [... ] | [... ] | [... ] | [... ] | [... ] |
| 137/1987 | Um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna | 610/1987, 412/1999 | 1, 2, 7 | Eiturefni og hættuleg efni | Efnanotkun | Reglugerðin fjallar um bann við notkun tiltekinna eiturefna eða skilyrði bundin notkun þeirra. |
| | Um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra | 213/1984, 235/1986, 461/2001 | 1, 7,8 | Eiturefni og hættuleg efni, Spilliefni | | Ákvæði reglugerðar þessarar taka til plöntulyfja, örgresiefna, stýriefna og útrýmingarefna til nota í landbúnaði og til útrýmingar meindýra.<br>Á við um örgresisefni sem Vegagerðin notar til að hefta gróður í vegköntum.<br>Örgresisefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að deyða plöntur, draga úr vexti þeirra eða hefta hann.<br>Í reglugerðinni eru ákvæði um gerð íláta, hættuflokka, geymslu efna og förgun. |

## Reglur Vinnueftirlitið

| Reglur | Heiti | Breytingar | Greinar | Umhverfisþáttur | Öryggisþáttur | Tengsl við starfsþætti/áhættuþætti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 390/2009 | Reglur um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum | | 1-4 | | Efnanotkun<br>Vélar og tæki<br>Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Reglurnar fjalla um mengunarmörk í andrúmslofti starfsmanna og aðgerðir til að halda mengun í lágmarki og aðgerðir til að draga úr mengun. |
| 098/2002 | Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum. | | 4-12, Viðauki I, II | | Efnanotkun | Markmið reglnanna er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu eða verða fyrir mengun frá þeim.<br><br>Meta þarf áhættu á heilsutjóni starfsmanna ef líkur eru á að efni getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu við notkun. Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að minnka áhættu og draga úr mengun. Atvinnurekandi skal þjálfa og upplýsa starfsfólk um hættur sem fylgja notkun efna og gera ráðstafanir ef slys eða óhöpp verða. Starfsmenn hafa rétt á heilsufarsskoðunum ef þeir verða fyrir mengun frá varsömum efnum, bæði áður en þeir hefja störf og síðan reglulega eftir það. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirlitinu um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll. |
| 764/2001 | Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum. | | 1, 2, 4, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, Viðaukar | | Efnanotkun<br>Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Nokkuð víðtækrar reglur um starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá líffræðilegum skaðvöldum og fjalla að mestu um kröfur og ábyrgð vinnuveitanda. |
| 571/2000 | Reglur um þrýstibúnað | | 1, 2, 5 | | Efnanotkun<br>Vélar og tæki | Reglurnar gilda um þrýstibúnað sem ætlaður er til notkunar á vinnustöðum hvort sem hann er leigður eða seldur viðkomandi fyrirtæki.<br>Vinnueftirlitið hefur eftirlit með að á markaðinum séu einungis þrýstibúnaður til sölu sem uppfyllir þessar reglur.<br>Allur búnaður skal vera CE merktur. |
| 552/1996 | Um öryggisráðstaf-anir við jarðefnanám | 349/2003 | 1,3,4,5,6,7,9,10 | Fastur úrgangur, Spilliefni | Vélar og tæki | Reglurnar gilda um a. jarðefnanám á yfirborði jarðar eða neðanjarðar alla iðnaðarstarfsemi þar sem fram fer:<br>- jarðefnanám, í þrengstu merkingu orðsins á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, eða<br>- leit með það í huga að hefja slíkt nám, eða<br>- meðferð jarðefna á vinnustað, sbr. b. lið, fyrir afhendingu en ekki frekari vinnslu.<br>Vinnustaður/svæði sem ætlað er að hýsa vinnuaðstöðu innan athafnasvæðis sem tengist beinni og óbeinni starfsemi og mannvirkjum til jarðefnanáms á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, þar með taldir úrgangslosunarstaðir og aðrir geymslustaðir auk íveruaðstöðu, sem starfsmenn hafa aðgang að við vinnu sína.<br>Atvinnurekandi skal gæta öryggis og heilsu starfsmanna og gæta þess að gera viðeigandi varúðarráðstafnir til að fyrirbyggja hættu af völdum elds og sprenginga.<br>Reglur til að tryggja heilsu og öryggi starfsmann við jarðefnanám.<br>Reglurnar taka einnig á mengun sem jarðefnanám hefur í för með sér. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 547/1996 | Um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstaf-anir á byggingarvinnu-stöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð | 504/1999 | 1, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, Viðaukar | | Efnanotkun, vélar og tæki, hreyfi- og stoðkerfi, aðbúnaður og vinnuumhverfi, félagslegir og andlegir þættir | Reglurnar snúa aðallega að vinnuvernd og eru sérreglur fyrir byggingarvinnustaði og/eða aðra tímabundna mannvirkjagerð.<br>Reglurnar gilda um eftirfarandi vinnu hjá Vegagerðinni m.a. vinnu með sprengiefni, jarðgangvinnu, uppgröft, jarðvinnu, viðhald brúa (málun og hreinsun)<br>Reglurnar fjalla aðallega um aðbúnað, hollustuætti og öryggi á byggingarstað og er á ábyrgð byggingaraðila/verktaka að tryggja að ákvæðum reglanna sé framfylgt.<br>Einnig gilda ákvæði um verkpalla úr timbri í reglugerð 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu. |
| 380/1996 | Reglur um saumlaus gashylki úr stáli | | 1,2,3,4,5,7 | | Efnanotkun<br>Vélar og tæki | Reglurnar gilda um saumlaus gashylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum hvort sem hann er leigður eða seldur viðkomandi fyrirtæki. Reglurnar gilda um 0,5 til 150 lítra saumlaus gashylki úr hreinu áli eða álblöndu |
| 382/1996 | Reglur um samsoðin gashylki úr hreinu stáli | | 1,2,3,4,5,7 | | Efnanotkun<br>Vélar og tæki | Reglurnar gilda um saumlaus gashylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum hvort sem hann er leigður eða seldur viðkomandi fyrirtæki. Reglurnar gilda um 0,5 til 150 lítra saumlaus gashylki úr hreinu stáli. |
| 377/1996 | Reglur um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) | | 1,2,5 | | Efnanotkun<br>Vélar og tæki | Reglurnar gilda um sameiginleg ákvæði um þrýstihylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum hvort sem hann er leigður eða seldur viðkomandi fyrirtæki. |
| 099/1996 | Reglur um einföld þrýstihylki | | 1,12 | | Efnanotkun<br>Vélar og tæki | Reglurnar gilda um einföld þrýstihylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum hvort sem hann er leigður eða seldur viðkomandi fyrirtæki. Hylkin skulu vera CE-merkt |
| 088/1999 | Reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum | | 6,7,8,9,10 | | Efnanotkun<br>Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Markmið reglnanna er að tryggja að starfsmenn sem ekki reykja verði ekki fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaksreyks á vinnustað sínum og jafnframt að veita fólki sem kemur á vinnustað vegna viðskipta og þjónustu slíka vernd.<br>Þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar skal vera fullnægjandi loftræsting. |
| 707/1995 | Reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum | | 1, 3,4,5,6,7, 9 Viðaukar I,II,III,IV, V, VI, VII | | Efnanotkun, vélar og tæki, hreyfi- og stoðkerfi, aðbúnaður og vinnuumhverfi, félagslegir og | Reglugerðin fjallar um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum. Atvinnurekendur skulu setja upp öryggis- og heilbrigðismerki skv. reglunum.<br>Í viðaukum eru leiðbeiningar um útlit og notkun merkjanna. |
| 581/1995 | Reglur um húsnæði vinnustaða | | 2-37 | | Efnanotkun, vélar og tæki, hreyfi- og stoðkerfi, aðbúnaður og vinnuumhverfi, félagslegir og andlegir þættir | Reglurnar tiltaka almenn ákvæði um húsnæði vinnustaða m.a. skipulag, lofthæð, loftrými, dagsbirta o.s.frv. Hvernig er unnið að því að koma í veg fyrir m.a. rangar vinnustellingar (álagsmeiðsli), vinna í lokuðu rými (loftmengun, sprengihætta), loftræsting (loftmengun, hiti, kuldi), aðbúnaður og hollustuhættir, aðgengi (slysahætta), rafmagn (rangur frágangur, brunahætta), rafmagnstæki (bilanir, notkun í bleytu), heyrnaskaða.<br>Skoða sérstaklega flóttaleiðir, hvíldaraðstöðu, snyrtiaðstöðu, búningsaðstöðu, matstofur. |
| 429/1995 | Reglur um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými | | 2-9, viðauki | | Efnanotkun<br>Vélar og tæki<br>Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Reglurnar fjalla um öryggisráðstafanir vegna vinnu í lokuðu rými. Þegar vinna þarf í lokuðu rými skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir og vinnan skipulögð, undirbúin og framkvæmd þannig að hún ógni ekki öryggi og heilsu starfsmanna. Skoða sérstaklega leiðbeiningar í reglugerðinni. |
| 501/1994 | Reglur um gerð persónuhlífa | | 3,4,5,6,7,8, Viðauki I | | Efnanotkun<br>Vélar og tæki<br>Hreyfi- og stoðkerfi<br>Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Reglur þessar gilda um persónuhlífar sem settar eru á markað og ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum.<br>Allur öryggisbúnaður sem keyptur er hjá Vegagerðinni skal vera CE-merktur. |
| 499/1994 | Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar. | | 3-11, Viðaukar I, II | | Hreyfi- og stoðkerfi | Reglurnar gilda um það þegar byrðar eru handleiknar og því fylgir hætta á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum. Á við um vinnustellingar (álagsáhættu) tengd vinna á verkstæði, akstur, þvottastöð, þrif. |
| 498/1994 | Reglur um skjávinnu | | 1-9, viðauki | | Hreyfi og stoðkerfi | Reglurnar gilda um skjávinnu á vinnustöðum. Starfsmenn eiga rétt á að hæfur aðili prófi augu þeirra. |
| 497/1994 | Reglur um notkun persónuhlífa | | 1, 3-8, viðauki | | Efnanotkun<br>Hreyfi- og stoðkerfi<br>Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Reglurnar gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum.<br>Nota skal persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá þeirri áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum sem veita almenna vernd eða með ráðstöfunum, aðferðum eða annarri tilhögun við skipulagningu vinnunnar. |
| 332/1989 | Reglur um hengiverkpalla | | | | Vélar og tæki, aðbúnaður og vinnuumhverfi | Einungis má nota hengiverkpalla sem eru viðurkenndir af Vinnueftirlitinu og skulu þeir skoðaðir og prófaðir árlega af Vinnueftirlitinu eða aðila sem er viðurkenndur af Vinnueftirlitinu. |
| 331/1989 | Reglur um röraverkpalla | | | | Vélar og tæki, aðbúnaður og vinnuumhverfi | Einungis má nota röraverkpalla sem eru viðurkenndir af Vinnueftirlitinu. |
| 491/1987 | Reglur um varnir gegn loftmengun við málmsuðu | | 2,4,5,6,7,8 | | Efnanotkun<br>Aðbúnaður og vinnuumhverfi | Reglurnar gilda þegar unnið er með málmsuðu á vinnustöðum. |
| 198/1983 | Um réttindi til að stjórna vinnuvélum | | 1,2,3-7,9, Viðauki | | Vélar og tæki | Markmið reglanna er að tryggja að tryggja næga þekkingu, þjálfun og öryggi í meðferð vinnu- og farandvéla. |

**Samþykktir (B deild Stjórnartíðinda)**

| Samþ. nr. | Heiti | Breytingar |
|---|---|---|
| 219/2000 | Um niðurrif á þungavinnuvélum, bílum o.þ.h. hlutum og geymslu slíkra tækja og hluta sem eiga að fara í niðurrif. | |

## Starfsleyfi (skv. rg. 785/1999 með síðari breytingum)

Þjónustustöð Selfossi. Starfsleyfi fyrir almennt bifreiðaverkstæði gildir til 13. júlí 2022.
Þjónustustöð Vík í Mýrdal. Starfsleyfið gildir til 30. október 2019.
Þjónustustöð Höfn. Starfsleyfi til að starfrækja þjónustuhús með minniháttar viðgerðum á bílum og tækjum. Gildir til 13.des.2019.
Þjónustustöð og vélaverkstæði Borgarnes. Starfsleyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis, smurstöðvar og vélaverkstæðis gildir til 15. janúar 2020. Þá gildir leyfið fyrir 6.600 l hráolíugeymi, 2.000 l tjörugeymi og 130.000 l pækilgeymi auk spilliefnageymslu á lokuðu svæði innandyra eða læstri á lóð.
Þjónustustöð Ólafsvík. Starfsleyfi til reksturs bifreiða-og vélaverkstæðis gildir til 15. janúar 2020. Þá gildir leyfið fyrir hráolíugeymi, tjörugeymi og pækilgeymi á lóð auk spilliefna-geymslu á lokuðu svæði innandyra eða læstri á lóð.
Vélaverkstæði Ísafirði. Starfsleyfi fyrir almennt bifreiðaverkstæði gildir til desember 2018. Þjónustustöð á Hólmavík/Strandabyggð. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fyrir lítið bifreiða- og vélaverkstæði gildir til 27. apríl 2019.
Þjónustustöð á Patreksfirði/Vesturbyggð. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða fyrir lítið bifreiða- og vélaverkstæði gildir til 27. apríl 2019.
Bifreiðaverkstæði og vélaverkstæði Búðardal. Starfsleyfi gildir til 15. janúar 2020. Þá gildir leyfið fyrir 6.000 l hráolíugeymi, 4.000 l tjörugeymi og 6.000 l pækilgeymi á lóð auk spilliefnageymslu á lokuðu svæði innandyra eða læstri lóð.
Þjónustustöð Hvammstangi. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra til að starfrækja verkstæðisaðstöðu gildir til 28. ágúst 2019.
Þjónustustöð Sauðárkróki. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra til að starfrækja verkstæðisaðstöðu gildir til 28. ágúst 2019.
Þjónustustöð Akureyri. Samkvæmt samtali svæðisstjóra við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands er ótímabundið starfsleyfi í gildi fyrir þjónustustöðina.
Þjónustustöð Húsavík. Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fyrir áhalda- og tækjahús gildir til 18. apríl 2019.
Þjónustustöð Þórshöfn. Starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra fyrir áhalda- og tækjahús gildir til 5. nóvember 2019.

Þjónustustöð Þórshöfn. Starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra fyrir áhalda- og tækjahús gildir til 5. nóvember 2019.
Þjónustustöð Vopnafirði. Starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Austurlands til að starfrækja þjónustuhús, með minniháttar viðgerðum á eigin bílum og tækjum, gildir til 20. apríl 2019.
Þjónustustöð Fellabær. Starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Austurlands til að starfrækja þjónustuhús, með minniháttar viðgerðum á eigin bílum og tækjum, gildir til 20. apríl 2019.
Þjónustustöð Reyðarfirði. Starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Austurlands fyrir viðgerðarað-stöðu fyrir eigin vélar, gildir til 23. nóvember 2022.
Þjónustustöð Hafnarfirði. Heilbrigðisfulltrúi skoðaði árið 2006 og taldi starfsemi Vegagerðarinnar þar ekki þurfa sérstakt starfsleyfi. Vörubílastöðin sem á húsið og Vegagerðin leigir af er með starfsleyfi sem gildir því einnig fyrir starfsemi Vegagerðarinnar.
Asfaltgeymar á hafnarsvæðum á Ísafirði, Sauðárkróki og Reyðarfirði. Unnið er að því að fá starfsleyfi frá Umhverfisstofnun (maí 2014).

## Leiðbeiningar

| Leiðb. Nr. | Heiti | | Umhverfisþáttur | Öryggisþáttur | Umsjón |
|---|---|---|---|---|---|
| 1/1990 | Hleðsluklefar fyrir rafgeyma | | | Efnanotkun, aðbúnaður og vinnuumhverfi | Vinnueftirlitið |
| **2** | Um olíuskiljur | | | Spilliefni, fráveitur og skólp | UST |
| **8** | Um meðferð á olíumenguðum jarðvegi | | | Spilliefni | UST |

## Annað

| Útgáfuár/ gildistími | Tegund | Umhverfisþáttur | Öryggisþáttur | Tengsl við umhverfisþætti/starfsþætti/áhættuþætti |
|---|---|---|---|---|
| 2005 | Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun/endurheimt votlendis | Röskun lands, Landgræðsla | | 1) Aldrei sé endurheimt minna flatarmál af votlendi en raskað var. 2) Leitast sé við að endurheimta svipaða votlendisgerð og tapast, sé þess kostur. 3) Endurheimt vegna framkvæmda sé í sama landshluta og framkvæmdin á sér stað, en þó sé litið á hverja fra |
| 2013-2016 | Stefna ríkisins um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur | Eldsneyti og olíur, Asfalt, Eiturefni- og hættuleg efni, Spilliefni, Fastur úrgangur, Fráveitur og skólp, Steinefni, Hálkuvarnir og rykbinding, Landgræðsla | Efnanotkun, Vélar og tæki | Í stefnunni er fjallað um hvernig samþætta á umhverfissjónarmið góðum innkaupaháttum við innkaup ríkisins og hvernig opinberir aðilar geta gert rekstur sinn grænni. |
| 2002 | Innkaupastefna ríkisins | Eldsneyti og olíur, Asfalt, Eiturefni- og hættuleg efni, Spilliefni, Fastur úrgangur, Fráveitur og skólp, Steinefni, Hálkuvarnir og rykbinding, Landgræðsla | Efnanotkun, Vélar og tæki | Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. |

## Staðlar

| Staðall. Nr. | Lýsing | Breytingar |
|---|---|---|
| IST EN ISO 14001 2004 | Umhverfisstjórnunarkerfi - Kröfur ásamt leiðsögn um notkun | Engar sérstakar breytingar hafa átt sér stað á staðlinum. Sömu kröfur og áður. Skýrar kveðið að orði varðandi mat á hlítingu sbr. gr. 4.5.2. |
| BS:OHSAS 18001:2007 | Öryggisisstjórnunarkerfi - Kröfur ásamt leiðsögn um notkun | |